

DREKASKÁTAMÓT 2024

FYRSTA UPPLÝSINGABRÉF

SIRKÚS DREKAR Á ÚLFLJÓTSVATNI



Drekaskátamót 2024 verður haldið helgina 31. maí - 2. Júní 2024, en líkt og síðustu tvö ár verður mótið yfir heila helgi. Skátarnir gista því tvær nætur frá föstudegi fram á sunnudag.

Verð

Mótsgjald er 9.900 krónur fyrir þátttakendur og 5.500 krónur fyrir foringja. Fyrir hverja 10 þátttakendur sem skrá sig fær félagið einn frían foringja. Innifalið í gjaldinu er öll dagskrá, gisting, einkenni og sameiginleg kvöldmáltíð bæði föstudag og laugardag.

Skráning

Skráning fyrir þátttakendur er nú opin á skraning.skatar.is og henni **lýkur 1.maí**. Skráningu verður háttáð líkt og síðasta ár þar sem BÍS mun innheimta mótsgjaldið beint frá þátttakendum, vilji félög halda um skráningu hjá sér t.d. til að innheimta í einu gjaldi mótsgjald og sameiginlegan kostnað eru þau beðin um að láta Skátamiðstöð vita. Þá er ætlast til að skráningum sé skilað til mótsins fyrir 1. maí og mótsgjöld greidd fyrir þátttakendur þess félags í beinu framhaldi.

Dagskrá

Dagskrá verður með svipuðu sniði og áður en nánari upplýsingar um dagskránnu munu berast í síðara upplýsingabréfi mótstjórnar.

Það getur verið gaman að byrja að undirbúa skátana fyrir mótið á skátafundum bæði til að byggja upp eftirvæntingu fyrir stórmótum og einnig til að auglýsa mótið. Fyrir mörg verður þetta einnig fyrsta útilegan og því gott að undirbúa þau fyrir tjaldbúðalífið.



Undirbúningur fyrir Drekkaskátamót

Við hvetjum ykkur til að fara yfir eftirfarandi atriði með skátunum ykkar fyrir mótið.

- **Útbúnaður:** Hvernig er best að pakka fyrir tjaldútilegu á Íslandi. Gott er að minna krakkana á að þau geta fengið búnað lánaðan hjá vinum og ættingjum og þurfa ekki að kaupa allt nýtt.
- **Tjöldun:** Sniðugt er að hafa skátafund til að kenna þeim að tjalda tjöldunum sem þau munu sofa í á mótinu. Einnig er þetta sniðugur tími til að yfirfæra tjöldin.
- **Matur:** Hvernig mat er best að hafa með í útilegu, búa til matseðil fyrir ykkar sveit á mótinu eða leggja línur um hvernig mat skátarnir skuli hafa með sér t.d. út frá þeim tækjabúnaði sem sveitin mun hafa með sér á mótið til matreiðslu.
- **Hnútar:** Fara yfir hnúta sem þau geta nýtt sér t.d. fánahnút sem er sniðugur í fánaathöfn og hestahnút sem er tilvalinn í súrningar.
- **Söngvar:** Það er alltaf skemmtilegast þegar allir geta tekið undir á kvöldvökunni. Minnum við á hin klassísku kvöldvökulög s.s. Ó stælti skáti, Skátasyrpuna, Þytur í laufi og Bakpokann.
- **Skemmtiatriði:** Skemmtiatriði lífga alltaf upp á kvöldvökur og þess vegna er um að gera að sveitin undirbúi eitt slíkt fyrir mótið. Ef þið ætlið að vera með skemmtiatriði þá biðjum við ykkur að senda okkur póst á drekaskatamot@skatarnir.is
- **Búningar og tjaldbúðaskreytingar:** Til að gera mótið sem skemmtilegast væri gaman ef krakkarnir kæmu með búninga í takt við þemað til dæmis sirkús búning. Síðan er tilvalið að sveitin fündri saman tjaldbúðaskreytingu sem mun prýða mótssvæðið meðan á mótinu stendur.
- **Flokkun:** Við munum flokka á mótinu; pappa, plast og almennt rusl og er því um að gera að kenna drekkaskátunum í hvaða tunnu ruslið þeirra á að fara.

Þessi listi er að sjálfsögðu ekki tæmandi en við teljum að mótið verði mun skemmtilegra ef allar sveitir fara yfir þessi atriði 😊

Allar spurningar má senda á drekaskatamot@skatarnir.is

